



# Rótarý á Íslandi

## Skýrsla GSE nefndarinnar á umdæmisþingi 2012

Starfsárið 2011-2012 skipuðu eftirtaldir Rótarýfélagar GSE - starfshópaskiptanefnd umdæmisins: Birna Bjarnadóttir, formaður, Rótarýklúbbum Borgum, Kópavogi, Guðbrandur Sigurðsson, Rótarýklúbbi Seltjarnarness, Halldóra Gyða Matthíasdóttir Proppé, Rótarýklúbbum Görðum, Helgi Sigurðsson, Rótarýklúbbi Selfoss, Ragnheiður Björk Guðmundsdóttir, Rótarýklúbbi Hafnarfjarðar og Sigríður Kristín Ingvarsdóttir, Rótarýklúbbi Breiðholts.

### Verkefni

---

Verkefni nefndarinnar var að skipuleggja starfshópaskipti milli umdæmisins á Íslandi og umdæmis 9780 í Suðurhluta Ástralíu og Victoríu sem fóru fram í september 2011 og mars 2012. Þátttakendur í GSE eiga að vera á aldrinum 25 – 40 ára og að hafa lokið starfsnámi sem þeir hafa síðan unnið við að minnsta kosti í 2 ár og vera í fullu starfi þegar umsókn er unnin og ferð er farin. Þátttaka í starfshópaskiptum er einstakt tækifæri til að ferðast og kynnast starfs- og atvinnuháttum í öðru ríki og í fylgd heimamanna sem oft opna dyr sem öðrum eru lokaðar.

### Störf nefndarinnar

---

Nefndin hóf störf í upphafi árs 2011 þegar samkomulag milli umdæmisstjórnanna lá fyrir og var samþykkt af Rótarý. GSE hópurinn frá Ástralíu kom 23. september og dvaldi hér til 22. október 2011 og sat umdæmisþingið 15. október í Reykjavík.

Leitað var til 12 Rótarýklúbba, það er Rótarýklúbbs Keflavíkur, Seltjarnarness, Rangæinga, Vestmannaeyja, Selfoss, Árbæjar, Egilsstaði, Neskaupsstaðar, Breiðholts, Ísafjarðar, Kópavogs og Borga, Kópavogi sem tóku á mótí hópnum. Ferðin stóð yfir í 4 vikur og gist var hjá félögum 11 klúbba.

Undirbúningur og þjálfun GSE hópsins sem fór frá Íslandi hófst í september 2011. Ólafur Helgi Kjartansson félagi í Rótarýklúbbi Selfoss var valinn fararstjóri og vann að því verkefni ásamt formanni GSE nefndarinnar. Hópurinn hittist nokkrum sinnum í 4 – 6 klst í senn og skipulagði kynningar til flutnings á Rótarýfundum hér heima og í Ástralíu. Áður en ferðin var farin heimsóttu þau nokkra Rótarýklúbba hérlendis og síðan að ferð lokinni. Þau sátu umdæmisþing Rótarý á Íslandi 2011 og í Ástralíu 2012.

Hópin skipaði Guðrún Guðmundsdóttir forstöðumaður og þroskaþjálfari í Kópavogi sem kom inn í hópin í janúar 2012 í forföllum fyrir Maríu Haraldsdóttur ljósmóður og hjúkrunarfræðings í Hafnarfirði, Margrét Bettý Jónsdóttir, kennari Hafnarfirði, Sigurður Hannes Magnússon, fasteignasali og kennari Egilsstöðum og Þórir Ingvarsson, rannsóknarlögreglumadur Reykjavík.

Ferðin hófst 1. mars 2012 og hópurinn kom heim 30. mars. Hópurinn hélt úti færslum á Facebókinni þar sem hægt var að fylgjast með ævintýrum þeirra.

### Breytingar á GSE verkefninu

---

Síðustu ár urðu þær breytingar á reglum sjóðsins að Rótarýumdæmin fengu tækifæri til að sækja um GSE starfshópaskipti sem kostuð voru af Rótarýsjóðnum annað hvert ár. Ef umdæmin óskuðu eftir tíðari skiptum gátu þau valið að kosta þau alfarið úr eigin sjóðum.

Rótaryhreyfingin hefur nú tekið ákvörðun um að breyta GSE samskiptum. Nýjar áherslur hafa verið lagðar með tilkomu nýrrar framtíðaráætlunar Rótarysjóðsins „New Future Vision Plan“ sem mun taka gildi 1. júlí 2013.

Þá mun umdæmum gefast kostur á að skipuleggja starfsferðir þar sem Rótaryfélagar geta einnig verið þátttakendur, ferðirnar geta verið styttri og þátttakendur færri í hverri ferð. Rótarysjóðurinn mun kynna þær reglur sem fylgja þarf til að fá styrkgreiðslur í slíkar ferðir og þegar eru umdæmi sem hafa tekin þátt í að skipuleggja ferðir samkvæmt þessu nýju reglum.

Þetta verkefni hefur verið eitt af mikilvægustu verkefnum Rótarysjóðsins til að vekja athygli ungs fólks á hvað Rótary stendur fyrir. Þeir sem fengið hafa tækifæri til að taka þátt í GSE eru líklegir framtíðarfélagar í Rótary og ættu Rótaryklúbbarnir að leitast eftir félagsaðild þeirra.

Þegar breyting verður á reglum Rótarysjóðsins 1. júlí 2013 verður mikilvægt að leita allra leiða til að virkja Rótaryfélaga og umdæmisráð til umsókna til starfskynninga á vegum sjóðsins.

## **Lokaorð**

---

Nefndarmönnum, umdæmisstjóra og skrifstofustjóra Rótaryhreyfingarinnar sem og öllum Rótary félögum sem hafa tekið þátt í GSE verkefninu á undanförunum árum er þakkað fyrir gott samstarf í þágu starfshópaskipta Rótary.

Kópavogi, 25. ágúst 2012,

f.h. GSE starfshópaskiptanefndar Rótary umdæmisins á Íslandi 2011-2012

Birna Bjarnadóttir, formaður.